

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 25. ágúst 2023
Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Bjarni Gíslason, Hjálparstarfi kirkjunnar, Bryndís Haraldsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Gísli Rafn Ólafsson, Pírötum, Guðrún Helga Jóhannsdóttir Diop, Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Jakob Frímann Magnússon, Flokki fólksins, Sólrún María Ólafsdóttir, Rauða krossinum á Íslandi, Steinunn Þóra Árnadóttir, Vinstri grænum, Stella Samúelsdóttir, Landsnefnd UN Women á Íslandi, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Viðreisn, Þórarinn Ingi Pétursson, Framsóknarflokki og Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingu.

Erna Bjarnadóttir, Miðflokki, Sjöfn Vilhelmsdóttir, GRÓ-LRT og Þór Heiðar Ásgeirsson, GRÓ-FTP, voru með í gegnum fjarfundarbúnað (Teams).

Bjarni Jónsson, Vinstri grænum, Geir Gunnlaugsson, Háskóla Íslands, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Alþýðusambandi Íslands, Halldór Benjamín Þorbergsson, Samtökum atvinnulífsins, Laufey Birgisdóttir, ABC barnahjálp og Ragnar Schram, SOS barnaþorpum, boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu og Þórarinna Söebeck, deildarstjóri á þróunarsamvinnuskrifstofu.

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (09:05)

Formaður setti fundinn og fór yfir dagskrá. Á síðasta fundi nefndarinnar var skipuð ritnefnd sem var ábyrg fyrir því að skrifa drög að umsögn nefndarinnar um stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2024-2028. Samkvæmt lögum á umsögn nefndarinnar að fylgja með þingsályktunartillögunni til Alþingis. Ritnefndin hefur unnið drögin að umsögninni í sumar en ritnefndina skipuðu Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Geir Gunnlaugsson, Háskóla Íslands, Gísli Rafn Ólafsson, þingmaður Pírata og Sólrún María Ólafsdóttir, Rauða krossinum á Íslandi.

Við gerð umsagnarinnar hafði ritnefndin umræður nefndarinnar sem og niðurstöður frá vinnufundi nefndarinnar sem haldinn var í upphafi árs til hliðsjónar. Þá studdust þau einnig við niðurstöður úr jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD. Heilt yfir þykir ritnefndinni ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands vera vel unnin og skýr. Stefnan sé vel upp sett og lýsandi fyrir stefnu Íslands í málaflokknum.

2. Umræður um drög að umsögn nefndarinnar (09:14).

Ritnefndinni líst vel á yfirmarkmið stefnunnar sem og nálgunina í stefnunni. Þá var ritnefndin einnig jákvæð um áhersluatriði stefnunnar.

Ísland er langt á eftir öðrum þjóðum sem við berum okkur gjarnan saman við þegar kemur að framlögum til þróunarsamvinnu. Ritnefndin leggur til að þróunarsamvinnunefnd styðji eindregið við að 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) sé veitt til þróunarsamvinnu. Enn fremur er lagt til að sett séu tímasett og skýr markmið svo því takmarki verði náð. Sé það í takt við umræður á fundum nefndarinnar sem og niðurstöður vinnufundarins. Leggja þau til að á næstu fimm árum fari Ísland í a.m.k. 0,5% af VPT og þannig væri raunhæft að hægt væri að ná 0,7% markmiðinu á gildistíma næstu þróunarsamvinnustefnu sem tekur við árið 2029.

Rætt var um þann kostnað sem hlýst af móttöku flóttafólks og hælisleitenda til Íslands og skilgreiningar á þeim kostnaði og hvernig hann er talinn sem þróunarsamvinna til þróunarsamvinnunefndar OECD. Í drögum að umsögninni er bent á að sú staða gæti komið upp að ef fjölgun verði á komu flóttafólks og hælisleitenda til landsins gætu framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu minnkað jafnvel þó svo að heildar framlög til þróunarsamvinnu standi í stað eða hækki.

Ritnefndin leggur til að í nýrri stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands komi fram skýr stefna um aukið samstarf við félagasamtök og að Ísland færi sig þannig nær því sem gengur og gerist á Norðurlöndunum. Ísland veiti töluvert lægri upphæðum til félagasamtaka heldur en hin Norðurlöndin en samkvæmt gögnum frá þróunarsamvinnunefnd OECD fari um 9,5% af þróunarsamvinnufé Íslands til félagasamtaka sem sé töluvert lægra en hjá hinum Norðurlöndunum.

Í drögum að umsögninni er bent á að hár kostnaður sé við hvern nemanda í GRÓ skólunum. Þá er einnig lagt til að í stefnunni sé lögð aukin áhersla á að stærri hluti starfsins fari fram í samstarfsstofnunum á vettvangi og að meiri áhersla sé lögð á fátækustu ríkin. Gerðar voru athugasemdir við kaflann um GRÓ skólana, þótti kaflinn of ítarlegur og með nákvæmari tillögur samanborið við aðra kafla umsagnarinnar. Fulltrúar sammæltust um breytingar á kaflanum, kaflinn stytur og tillögur einfaldaðar í takt við aðrar tillögur.

Rætt var um kaflann sem snýr að aðilum atvinnulífs og mikilvægi þess að atvinnulífið taki aukinn þátt í verkefnum á sviði þróunarsamvinnu. Lögðu fulltrúar til að í umsögninni yrði kveðið fastar að orði þegar kemur að aðkomu atvinnulífsins að þróunarsamvinnu. Mikilvægt sé að skýra aðkomu atvinnulífsins að þróunarsamvinnu en það sé einnig í takt við ábendingar úr jafningjarýninni. Fulltrúar voru sammála um þessa breytingu.

3. Umsögn samþykkt eða ákveðið að vinna að breytingum fyrir næsta fund (10:15).

Fulltrúar voru almennt sáttir með drögin að umsögninni og fékk ritnefndin hrós fyrir vel unnin störf. Umsögnin var samþykkt með tveimur breytingum, gerð var breyting á kafla um GRÓ skólana og á kaflanum um samstarf við aðila atvinnulífsins.

4. Önnur mál (10:23)

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar skuli haldinn þann 27. október n.k. og síðasti fundur ársins verður svo haldinn í lok desember.

Fundi lokið kl. 10:31.